

Weber 4160 Fine Flow Rapid

Efnislýsing

Weber 4160 Fine Flow Rapid er dælanlegt, hraðþornandi flotefni sem er auðvelt í meðförum. Ekki er þörf á frekari yfirborðsmeðhöndlun, svo sem slípun eða fínspörtun. Efnid er þurrefni í 25kg pokum sem er blandað vatni á byggingarstað. Stuttur þurrktími leyfir lögn á dúk eða parketi eftir 12- 24 klst. (Fer eftir þykkt, loftraka, hitastigi, rakastigi undirlags og öðrum aðstæðum.) Flísar má leggja með sementsbundnum límum daginn eftir flötnun. Weber 4160 er vottað af óháðum aðila sem er SP Sveriges Forsknings och Provningsinstitut, P og CE merkt og uppfyllir kröfur HusAMA um flotefni.

Notkunarsvið

Weber 4160 hentar í íbúðarhúsnæði, á skrifstofum, iðnaðargólfum, og hvarvetna sem gerðar eru kröfur um mikinn styrk og stuttan vinnslutíma.

Undirvinna

Undirlagið skal vera hreint og laust við lausan múr, sementslamma, raka, fitu og önnur óhreinindi, og þarf að þola togkraft allt að 1,0 MPa. Ef flota á yfir lakkað gólf, skal slípað yfir með sandpappírslípivél og lakkið mattað. Grunnið með Weber Floor 4716 1:1, stráid þurru efni í blautan grunninn og kústið saman. Látið þorna og þá er undirlagið tilbúið undir flötnun.

Grunnur


Grunna skal með Weber Floor 4716 og blanda hann 1 hluti grunnur og 3 hlutar vatn. Sjá nánari leiðbeiningar.

Blöndun og lögn

Vatnsmagn er 21% eða 5,25 lítrar í 25 kg. poka. Blandið saman með hæggengri borvél þar til viðunandi seigju er náð. Ef dæla á efninu, leitið þá upplýsinga hjá söluaðila. Mælið flotið í efninu (samkv. SS 923519) með hring sem er 50x22mm. Skal þá flotið í efninu vera 155-165mm. Athugið alltaf við flötprufu hvort efnið sé nægjanlega vel hrært.

Ásetning

Flötnun er dælt með þar til gerðri múr/flotdælu. Efnid er lagt í þunnu lagi fram og til baka eftir gólfinu. Hámarksbreidd á svæði er 8m. Á breiðari svæðum þarf að skilja að með svamplista. Draga þarf tenntan spaða eftir yfirborðinu til að losa um loft og koma í veg fyrir loftbólur. Ef þarf að flota í tveimur umferðum, þurfa að líða ca 12klst á milli umferða.



Athugið

Fyrir lögn á parket eða dúk skal alltaf fullvissa sig um að undirlagið sé nægjanlega þurrt. Best er að ráðfæra sig við seljendur gólfefnisins um hvernig mæla eigi rakastig í floti og við hvaða rakamörk skal miða.

Eiginleikar 4160 Fine Flow Rapid

Þykkt max:	30 mm (10mm á léttsteypu)
Þykkt min:	2 mm (6mm á léttsteypu)
Þrýstipól(EN 13892-2)	35 MPa (eftir 28 daga)
Beygjutogpól(EN 13892-2)	11 MPa (eftir 28 daga)
Togpól (28 dagar)	1,5MPa
Rýrnun á 28 dögum	<0,5 mm/m
Flot (SS 923519)	155-160 mm
Brunaflokkun(EN13501-1)	A2fl s1
pH (í fullþurru gólfi)	10,5-11,0
Bindiefni:	Aluminatsement Portlandsement
Fylling	Natursandur Dolomitfiller
Vatnspörf	21% (5,25L/25kg)
RWFC pól gagnvart hjólum skrifborðsstóla (EN 13892-7) m.v. 4-30mm	RWFC 450
Efnisnotkun	
10mm þykkt:	16,5kg/m ²
Gönguhæft eftir Fullþurrt	1-3klst ca 12-24klst

Annað

Þar sem aðstæður og vinnubrögð geta verið mismunandi skal líta á þessar upplýsingar sem leiðbeinandi. Leitið alltaf upplýsinga hjá sölumönnum ef í vafa. Ekki má blanda öðrum efnum saman við flotið þar sem það breytir eiginleikum efnisins og kemur niður á gæðum þess.

MÚRBÚÐIN